

Reykjavík, 7. desember 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is
154. löggjafarþing 2023-2024
Þingskjal 635 – 541. mál
Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (forgangsorka)

Efni: Umsögn Samáls, Samtaka álframleiðenda, vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum

Samál, Samtök álframleiðenda, taka hér með til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. (forgangsraforka), 541. mál. Ástæða er til að vekja máls á stöðu raforkumála á Íslandi, þar sem eftirspurn eykst stöðugt á meðan stöðnun er í framboði raforku. Fyrir vikið er farið að gæta raforkuskorts og skerts raforkuöryggis í íslensku atvinnulífi. Í stað þess að stjórnvöld setji í forgang að styrkja raforkukerfið, þá er lagt fram annað skömmtunarfrumvarp raforku á skömmum tíma.

Samál gagnrýnir að ekki sé skýrt í frumvarpinu hvert markmiðið er og telur jafnframt áhyggjuefni að orðalagið bjóði upp á ólíka túlkun. Erfitt er að því að sjá að frumvarpið skili tilætluðum árangri, sem mun vera að taka á þeim orkuskortum sem skapast hefur á Íslandi. Ekkert er rætt um nauðsyn þess að stíga markviss skref til að rjúfa stöðnun í raforkuuppbyggingu eða efla flutningsnetið.


Þá er það skref aftur á bak á raforkumarkaði, að ganga enn lengra en áður í miðstýringu á raforkumarkaði, að þessu sinni með því að gefa Orkustofnun heimild til að ákveða hverjum sölufyrirtæki fái að selja orku til. Vandséð er hvaða vanda það á að leysa, enda er dregið fram í umsögn Samtaka iðnaðarins, að nú þegar eru í gildi nokkur lög af úrræðum þegar kemur að skerðingum í raforkulögum, m.a. í raforkulögum, reglugerðum á grundvelli laganna, netmála Landsnets – C.5 og leiðbeiningum Orkustofnunar.

Til þess að bregðast við vandanum sem steðjar að atvinnulífinu vegna orkuskortis liggur beinna við að opna raforkumarkaðinn og grípa til markaðslausna.

Raunar eru nú þegar markaðslausnir fyrir hendi hér á landi í samningum um skerðanlega orku til fyrirtækja, þar á meðal álvera. Ekkert er komið inn á frekari markaðslausnir í frumvarpinu, sem þó væri líklegra til að skapa sátt, enda væri það í anda heilbrigðrar samkeppni og viðskiptahátta. Þá er það áhyggjuefni, að svo virðist sem viðskiptavinum sé með frumvarpinu mismunað eftir því hvaða orkusala þeir eigi í viðskiptum við.

Í umsögn Norðurláls um frumvarpið er komið inn á þetta: „Þegar ofsala á raforku hefur gert það að verkum að ekki er til næg raforka til að standa við gerða samninga og vænta notkun heimila og smærri fyrirtækja eru einungis tvær leiðir í boði. Annars vegar er að auka framboð og hins vegar að draga úr eftirspurn. Fyrri lausnin stendur ekki lengur til boða fyrir komandi misseri (en hefði verið það ef gripið hefði verið til aðgerða fyrr) þannig að þá stendur eftir að draga úr eftirspurn. Í stað þess að grípa til íþyngjandi og gerræðislegs inngrips stjórnvalda ætti að leita skilvirkari lausna sem markaðurinn býður upp á. Finna þarf þau fyrirtæki sem geta dregið úr eftirspurn á mestu álagstímunum, hvort sem það er innan sólahrings eða yfir mánuði eða árstíð, og greiða fyrir þá kerfisþjónustu. Þetta er besta leiðin, í þessari stöðu, til þess að lágmarka samfélagslegan kostnað og hámarka sátt. Þessa leið er tiltölulega auðvelt að útfæra og Landsnet ætti að geta gert það hratt og örugglega. Þetta tryggir að næg raforka verði til fyrir heimili og þau fyrirtæki sem hafa ekki burði til að takast á við skerta raforkuafhendingu.“

Einnig er velt upp þeirri spurningu í umsögn Norðurláls af hverju forgangsraða má stórum fyrirtækjum sem nota mikla raforku en falla þó ekki undir skilgreiningar sem stórnotendur fram fyrir önnur fyrirtæki. Það eru jafnvel einhver þessara fyrirtækja sem gætu helst tekist á við sveigjanlega afhendingu raforku. Leiðin til að komast að því, hvaða fyrirtæki geta séð af orku og þannig mætt orkuskerðingum, hlýtur að vera að kalla eftir markaðslausnum.



Pétur Blöndal
framkvæmdastjóri Samáls